

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 50/2021

2024/EES/3/50

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar stöðustofnunaraskyldu, frestun á stöðustofnunaraskyldu, kröfur um skýrslugjöf, aðferðir til mildunar áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili stöðustofnar ekki, skráningu og eftirlit með afleiðuviðskiptaskrá og kröfurnar fyrir afleiðuviðskiptaskrár ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Lið 31bc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012) í IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32019 R 0834**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 frá 20. maí 2019 (Stjtið. ESB L 141, 28.5.2019, bls. 42).“

2. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta e):

„ea) Í 2. mgr. 4. gr. a og 2. mgr. 10. gr. koma orðin á „gildistökuþingi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2021 frá 5. febrúar 2021“ í stað orðanna hinn „17. júní 2019“, að því er varðar EFTA-ríkin.“

3. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta liðar f).

„fa) Í 6. gr. a:

(i) í 1. mgr. er orðunum „og, að því er varðar EFTA-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“, og í 2. mgr. „og, að því er varðar EFTA-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA“ á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“.

(ii) í 4. mgr. er eftirfarandi undirgreinum bætt við:

„Að því er EFTA-ríkin varðar, skal Eftirlitsstofnun EFTA, án ótilhlýðilegrar tafar, eftir viðtöku beiðni eins og um getur í 1. mgr., á grundvelli þess rökstuðnings og gagna sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggur fram, annaðhvort fresta stöðustofnunaraskyldunni vegna hinna tilteknu flokka OTC-afleiðna eða hinnar tilteknu tegundar mótaðila sem um getur í 1. mgr. með ákvörðun eða synja um umbeðna frestun. Synji Eftirlitsstofnun EFTA um umbeðna frestun skal hún veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skriflegan rökstuðning fyrir synjuninni. Eftirlitsstofnun EFTA skal tafarlaust gera fastanefnd EFTA-ríkjanna viðvart og framsenda þeim rökstuðninginn sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggur fram. Þær upplýsingar skulu ekki gerðar opinberar.“

(1) Stjtið. ESB L 141, 28.5.2019, bls. 42.

Framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu eiga samstarf með það fyrir augum að taka samhljóða afstöðu að því er varðar frestun stöðustofnunaraskyldunnar og, eftir því sem við á, viðskiptaskyldu og að því er varðar framlengingu frestunarinnar í samræmi við 8. mgr.“.

- (iii) í fyrstu málsgrein 8. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „getur Eftirlitsstofnun EFTA, með ákvörðun,“ í stað orðanna „getur framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerð,“.
 - (iv) í þriðju málsgrein 8. mgr. er orðunum „og fastanefndar EFTA-ríkjanna“ bætt við á eftir orðinu „ráðsins“.
 - (v) í fjórðu málsgrein 8. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „framkvæmdargerðinni“ sem „ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA“.
- fb) Í 1. mgr. 9. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, orðast „12. febrúar 2014“ sem „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2016 frá 30. september 2016“ og á „gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2016 frá 30. september 2016“.

4. Í stað aðlögunartexta liðar g) kemur eftirfarandi:

„Í 3. mgr. 11. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, orðast „16. ágúst 2012“ sem á „gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2016 frá 30. september 2016“.“

5. Eftirfarandi kemur í stað liðar iii) í aðlögunartexta liðar r):

„að því er EFTA-ríkin varðar kemur hugtakið „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað hugtaksins „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“, í 2., 3., 4., og 5. mgr. og í fyrsta og öðrum málslíð 6. mgr.“

6. Í stað liðar iii) í aðlögunartexta liðar s) kemur eftirfarandi:

„að því er EFTA-ríkin varðar kemur hugtakið „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað hugtaksins „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ í 2. til 8. mgr. og í fyrsta, öðrum og þriðja málslíð 9. mgr.“

7. Í stað liðar v) í aðlögunartexta liðar t) kemur eftirfarandi:

„í 4. og 6. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninnar““

8. Liður iv) í aðlögunartexta liðar t) og liður v) í aðlögunartexta liðar t) eru endurtölusettir sem liður v) í aðlögunartexta liðar t) og liður iv) í aðlögunartexta liðar t), í þeirri röð.

9. Í stað i) liðar í aðlögunartexta liðar w) kemur eftirfarandi:

„í 1. mgr. er eftirfarandi undirgreinum bætt við á eftir annarri undirgrein:

„Áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semur drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA skv. 1. mgr. 73. gr. og um dagsektir skv. 66. gr. skal hún gefa aðilunum sem málsmeðferðin varðar tækifæri til að koma að sjónarmiðum sínum um niðurstöðurnar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal einungis byggja drög sín á niðurstöðum sem þeir aðilar sem málsmeðferðin varðar hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.“

Eftirlitsstofnun EFTA skal einungis byggja ákvarðanir sínar skv. 1. mgr. 73. gr. og um dagsektir skv. 66. gr. á niðurstöðum sem þeir aðilar sem málsmeðferðin varðar hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.

Þriðja og fjórða undirgrein þessarar málsgreinar skulu ekki eiga gilda um ákvarðanir sem vísað er til í a-, c-, og d-lið 1. mgr. 73. gr. ef grípa þarf til tafarlausra aðgerða til að koma í veg fyrir umtalsverðan og yfirvofandi tjón í fjármálakerfinu eða til þess að koma í veg fyrir umtalsverðan og yfirvofandi skaða á heilleika, gagnsæi, skilvirkni og trúverðugleika fjármálamarkaða, m.a. stöðugleika eða nákvæmni gagna sem tilkynnt eru afleiðuviðskiptaskrá. Í slíkum tilvikum getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útbúið drög og Eftirlitsstofnun EFTA samþykkt bráðabirgðaákvörðun. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gefa hlutadeigandi aðilum tækifæri til þess að tjá sig eins fljótt og auðið er eftir að slík drög hafa verið samin.“

10. Texti liðar iii) í aðlögunartexta liðar zd) fellur brott.

11. Í stað liðar i) í aðlögunartexta liðar zh) kemur eftirfarandi:

„í 1. mgr. er eftirfarandi undirgreinum bætt við á eftir fyrstu undirgreininni:

„Í tvö ár eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2021 frá 5. febrúar 2021 gildir stöðustofnunarskyldan, sem sett er fram í 4. gr., ekki um OTC-afleiðusamninga, sem unnt er að mæla hlutlægt að dragi úr fjárfestingaráhættu sem tengist beint fjárhagslegri gjaldfærni lífeyriskerfa sem hafa staðfestu í EFTA-ríki, og um aðila með staðfestu í EFTA-ríki í því skyni að annast bætur til aðila slíks kerfis ef vanskil verða.

Stöðustofnunarskyldan sem sett er fram í 4. gr. skal ekki gilda um OTC-afleiðusamninga sem vísað er til í annarri undirgrein þessarar málsgreinar sem lífeyriskerfi hafa gert frá 2. júlí 2020 til síðasta dags fyrir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2021 frá 5. febrúar 2021.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/834, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.